

Laganefnd BHM

Mál nr. LN 04-3 (FTK)

Félag tækniháskólakennara,
B.t. Sigurjóns Valdimarssonar formanns,
Höfðabakka 9,
110 Reykjavík.

Efni: Álit laganefndar BHM vegna erindis Félags tækniháskólakennara (FTK) um lögmæti ákvörðunar dómnefndar Tækniháskóla Íslands (THÍ) að hafna því að NN fengi framgang úr stöðu lektors í stöðu dósentis.

I. Erindi

Með bréfi dags. 19. apríl 2004 fór Félag tækniháskólakennara (hér eftir nefnt FTK) fram á það við laganefnd BHM að hún svaraði eftirfarandi spurningum:

1. Var löglega staðið að gerð álits dómnefndar Tækniháskóla Íslands frá 30. september 2003 um að lektorinn NN fengi ekki framgang í starf dósentis?
2. Er hægt að fá álitum dómnefndar breytt eða hnekkt?

II. Fylgiskjöl

1. Bréf rektors THÍ þar sem tilkynnt er að NN uppfylli lágmarksskilyrði til að gegna lektorsstöðu við skólann, dags. 6. febrúar 2003.
2. Umsögn FTK við drögum að minnispunktum háskólaráðs THÍ til dómnefndarmanna við THÍ, dags. 27. maí 2003.
3. Minnispunktar háskólaráðs THÍ til dómnefndarmanna við THÍ um hæfi núverandi lektora við skólann til að gegna stöðu dósentis eða prófessors, dags. 30. maí 2003.
4. Tilkynning frá rektor THÍ til NN um fyrirhugað mat dómnefndar á hæfi lektora til að gegna dósentisstöðu, dags. 18. júní 2003.
5. Niðurstaða dómnefndar um mat á lektorum til dósentis, dags. 30. september 2003.
6. Niðurstaða dómnefndar ítrekuð um mat á lektorum til dósentis, dags. 10. nóvember 2003.
7. Bréf FTK til háskólaráðs THÍ þar sem álitum dómnefndar er mótmælt, dags. 5. febrúar 2004.
8. Svar rektors f.h. háskólaráðs við bréfi FTK frá 5. febrúar 2003, dags. 11. mars 2004.
9. Erindi FTK til laganefndar BHM, dags. 21. apríl 2004
10. Rafpóstur milli framkvæmdastjóra BHM og formanns FTK, dags. 23. apríl, 26. apríl, 27. apríl og 11. maí 2004.

III. Málavextir

Með lögum um Tækniháskóla Íslands nr. 53/2002 sem tóku gildi 10. maí 2002 var Tækniskóla Íslands breytt úr því að vera tækniskóli í að vera háskóli. Ekki kemur fram í gögnum málsins hvað stöðu NN hafði innan skólans áður en hann varð háskóli. Með bréfi rektors THÍ dags. 6. febrúar 2003 var fallist á að NN uppfyllti lágmarksskilyrði til að gegna lektorsstöðu við stofnunina en stuttu áður hafði dómnefnd skólans lokið mati á þeim kennurum sem uppfylltu ekki starfsskilyrði skv. lögum um háskóla. Af bréfinu að dæma þá varð NN við þetta lektor hjá skólanum.

Reglur um störf dómnefndar THÍ vegna mats á hæfi lektora til að gegna stöðu dósents eða prófessors voru settar með ákvörðun háskólaráðs 30. maí 2003. FTK hafði fengið tækifæri til að segja sitt álit á reglunum, sbr. bréf frá félaginu dags. 27. maí 2003.

Sumarið 2003 var NN tilkynnt með bréfi rektors að fyrirhugað væri að dómnefnd THÍ mæti hæfi lektora til að gegna dósentsstöðu við skólann og að nefndinni yrðu send gögn um hann frá eldri framgangsnefnd í því skyni. Honum var boðið að senda fleiri gögn um sig til dómnefndar. Með bréfi rektors dags. 30. september 2003 var NN tilkynnt að dómnefndin teldi hann uppfylla allar kröfur um lágmarksstig. Hinsvegar taldi hún sér ekki fært að mæla með því að hann hlyti framgang í dósentsstöðu þar sem hann uppfyllti ekki kröfur um menntun. Að beiðni NN fór dómnefndin aftur yfir málið og komst að sömu niðurstöðu sem rektor tilkynnti NN með bréfi dags. 10. nóvember 2003.

FTK beindi erindi til háskólaráðs THÍ með bréfi dags. 5. febrúar 2004 vegna máls þessa og að tilteknum reglum um störf dómnefndar yrði breytt og að mál NN yrði þá tekið til endurskoðunar. Meirihluti háskólaráðs hafnaði þessari málaleitan og var sú afstaða kynnt félaginu með bréfi rektors dags. 11. mars 2004. Laganefnd fékk málið til afgreiðslu með bréfi formanns FTK dags. 19. apríl 2004.

IV. Niðurstaða

1 spurning: Var löglega staðið að gerð álits dómnefndar Tækniháskóla Íslands frá 30. september 2003 um að lektorinn NN fengi ekki framgang í starf dósents?

Rektor THÍ veitir starf dósents, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna um THÍ. Heimilt er að flytja kennara úr lektorsstöðu í dósentsstöðu í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga og samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur, sbr. 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 822/2002 um THÍ. Gildandi kjarasamningur ríkisins og FTK kveður ekkert á um framgang kennara en hinsvegar er að finna reglur þar að lútandi í gildandi stofnanasamningi THÍ og FTK. Lektor á rétt á að fá framgang í starf dósents ef hann fullnægir skilyrðum skv. samningnum og dómnefnd metur hann hæfan skv. þeim reglum sem gilda um störf framgangsnefndar, sbr. gr. 3.1. í stofnanasamningi. Ágreiningsefnið lýtur að því hvort dómnefnd hafi gætt þeirra form – og efnisreglna sem henni bar að fylgja við gerð álits síns um hæfi NN til að verða dósent. Hér verður að hafa í huga að dómnefndinni er að lögum falið það hlutverk að gefa rökstutt álit um hvort umsækjandi um dósentsstöðu sé hæfur til að gegna slíku starfi við skólann og engum manni má veita starfið nema meirihluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur, sbr. 5. mgr. 3. gr. laganna. Þetta hefur þá þýðingu að bæði skráðar sem óskráðar reglur stjórnáskráðar giltu um gerð dómnefndarálitsins.

Með lögum um háskóla nr. 136/1997 var mörkuð sú stefna að gera ríkisháskóla sjálfstæðari og efla ábyrgð þeirra, m.a. í starfsmannamálum. Lagareglur um hæfni prófessora, dósentar eða lektora eru af þessum sökum lágmarksviðmið og er hverjum skóla í sjálfs vald sett að setja strangari reglur um hæfni þessara starfsmanna sinna. Bæði við kjarasamningagerð og á vettvangi háskólaráðs hafa stéttarfélag háskólakennara möguleika á að hafa áhrif á gerð þessara reglna.

Í lögum um THÍ er kveðið á um að dósentar skulu hafa a.m.k. lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um THÍ. Eins og að framan hefur verið rakið voru settar reglur af hálfu háskólaráðs THÍ 30. maí 2003 vegna starfa dómnefndar skólans um hvernig meta ætti hæfni lektora skólans til að verða dósentar. Í gr. 2.2.2.2. reglnanna er m.a. kveðið á um það að til að lektor geti flust í stöðu dósents skuli gera þá kröfu að hann hafi lokið meistaraþróðu sem felur í sér minnst tveggja ára vísindalega þjálfun. Með vísan til þess að NN uppfyllti ekki þetta skilyrði um menntun og að ekki var fallist á að honum væri veitt undanþága frá menntakröfunum vegna ótvíræðrar viðurkenningar á sérsviði, hafnaði dómnefnd því að honum væri veittur framgangur úr stöðu lektors í stöðu dósents.

Gögn málsins bera ekki með sér að ákvörðun þessi hafi verið haldin formgalla. Ekkert bendir til að afstaða dómnefndar hafi grundvallast á öðru en málefnalegum sjónarmiðum. Álitid byggðist á reglu sem háskólaráð hafði sett nefndinni 30. maí 2003. FTK hefur hreyft við þeirri skoðun að hafi NN einu sinni verið metinn hæfur án þess að uppfylla menntunarskilyrði þá sé eigi hægt að setja slík skilyrði síðar. Á það verður ekki fallist enda skiptir ekki máli við úrlausn þessarar spurningar á hvaða grundvelli dómnefndin byggði álit sitt þess efnis að NN væri hæfur til að gegna lektorstöðu 6. febrúar 2003 þar sem eftir 30. maí 2003 voru í gildi aðrar reglur og dómnefndin þurfti að taka tillit til þeirra þegar hún tók ákvörðun um álit sitt í þessu máli.

Með hliðsjón af framangreindu er niðurstaðan sú að dómnefnd THÍ hafi farið að lögum við gerð álits síns frá 30. september 2003 um að lektorinn NN fengi ekki framgang í starf dósents.

Spurning 2 - Er hægt að fá álitum dómnefndar breytt eða hnekt?

Eins og fram kemur í bréfi rektors THÍ dags. 11. mars 2004 hefur dómnefnd fullnaðarmat um það hvort umsækjendur um framgang uppfylli kröfur um hæfni og kemur niðurstaða nefndarinnar ekki til endurskoðunar af hálfu annars stjórnvalds. Af þessu leiðir að höfða þarf mál fyrir dómstólum til að fá álit af þessu tagi hnekt. Þar sem laganefnd komst að þeirri niðurstöðu að dómnefnd hafi staðið löglega að umræddu álitu eru ekki efnisleg rök fyrir málsókn.

V. Álit laganefndar

Spurning 1: Já.

Spurning 2: Ekki er hægt að breyta álitum dómnefndar en hægt er að hnekkja þeim fyrir dómstólum.

Reykjavík, 17. nóvember 2004,
f.h. laganefndar BHM,

Halldóra Friðjónsdóttir,
formaður BHM.